


Skipulagsstofnun  
Einar Jónsson  
Laugavegur 166  
150 Reykjavík



Minjastofnun  
Íslands

Suðurgata 39, 101 Reykjavík  
Sími: 570 1300, Bréfsími: 570 1301  
www.minjastofnun.is

Reykjavík 28. janúar 2015  
Fvr 2015010012 IKM

### **Efni: Tillaga að Landsskipulagsstefnu 2015-2026.**

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið bréf Skipulagsstofnunar frá 19. des. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að Landsskipulagsstefnu 2015-2026.

Í tillögu að Landsskipulagsstefnu og greinargerð með henni kemur fram að menningarminjar eru mikilvægur þáttur í mótun stefnunnar þó umfjöllunin um menningarminjar sé ekki ítarleg. Í köflum um skipulag hálendisins og skipulag á haf- og strandsvæðum segir einungis að viðhalda beri og vernda menningarminjar. Í köflunum um skipulag í dreifbýli og búsetumynstur og dreifingu byggðar er umfjöllunin aðeins ítarlegri. Þar er lögð áhersla á að við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að varðveita menningargæði og að skipulag landnotkunar skuli stuðla að verndun og varðveislu menningar og sögu sem m.a. felist í byggingararfi. Þá segir jafnframt að við skipulag byggðar og bæjarhönnunar skuli stuðla að því að yfirbragð og mælikvarði nýrrar byggðar falli að bæjarmynd viðkomandi staðar og sögulegri byggð og að taka skuli tillit til sögulegs samhengis í þróun byggðar og menningararfurinn nýttur til að styrkja sérkenni og staðaranda. Í köflum um miðhálendið og skipulag í dreifbýli er bent á að sveitarfélög geti með hverfisvernd mótað stefnu um verndun svæða sem þau telja verðmæt m.a. vegna sögu eða menningar.

Í umhverfismati er greint hvort landsskipulagsstefnan samræmist umhverfisviðmiðum sem skilgreind voru í Lýsingu Landsskipulagsstefnu 2015-2026. Mat er lagt á áhrif stefnunnar á menningarminjar varðandi umhverfisviðmið sem lúta að því að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að vernd náttúru- og menningarminja, að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að góðum búsetuskilyrðum og samkeppnishæfni byggða og bæja, að skipulag byggðar og landnotkunar skapi aðstæður fyrir grænt hagkerfi og fjölbreytt og samkeppnishæft atvinnulíf og að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að því að viðhalda og efla sérstöðu Íslands sem áfangastaðar ferðamanna. Í flestum tilfellum er talið að landsskipulagsstefnan stuðli að vernd menningarminja, þ.e. að stefnan styðji við viðkomandi umhverfismarkmið. Í nokkrum tilvikum er niðurstaðan sú að samræmi milli stefnunnar og umhverfismarkmiða sé óverulegt, þ.e. að stefnan styðji viðkomandi umhverfismarkmið að óverulegu leyti eða að hluta til. Að mati Minjastofnunar Íslands er heildarniðurstaðan sú að

tillit sé tekið til menningarminja í Landsskipulagsstefnu 2015-2026. Þó verður að hafa í huga að vernd minja og nýting þeirra ræðst fyrst og fremst við aðal- og deiliskipulagsgerð og við undirbúning framkvæmda.

Í Landsskipulagsstefnunni er víða talað um þörf fyrir kortlagningu og öflun upplýsinga af ýmsu tagi. Má m.a. nefna að talin er þörf á gerð kortagrunns fyrir vegi og vegslóða, uppfærð kort af umfangi og þróun víðerna á miðhálandinu, skráningu mannvirkja og þjónustu á miðhálandinu, skráningu, miðlun og greiningu upplýsinga um húsnæðismál með tilliti til skipulagsákvæðana, skilgreiningu á strandlínu eða núll hæðarlínu við þéttbýli og önnur byggð svæði og öflun upplýsinga um stöðu fjarskiptamála fyrir skipulagsgerð. Stofnunum ríkisins eða sveitarfélögunum er í stefnunni falið að afla þessara upplýsinga. Minjastofnun Íslands hefur nýlega tekið í notkun kortavefsjá þar sem m.a. eru færðar upplýsingar um staðsetningu fornleifa og friðlýstra hús. Mikið vantar upp á að allar fornleifar á landinu hafi verið færðar í þennan gagnagrunn. Vonir standa þó til að allar þekktar fornleifar á Íslandi verði skráðar inn í vefsjána og þá mun þetta verkfæri nýtast vel við skipulagsgerð á öllum stigum.

Virðingarfyllt,  
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristín Huld Sigurðardóttir  
Forstöðumaður



Kristinn Magnússon  
Verkefnastjóri